

## **Reglur, meginmarkmið og skilyrði fyrir niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar hjá iðkendum 6 til 18 ára í íþrótt- og tómstundafélögum frá 1. janúar 2018**

Markmið niðurgreiðslna er að gera börnum með lögheimili í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfí óháð efnahag fjölskyldna og að efla íþrótt- og annað forvarnastarf í Hafnarfirði. Einnig á niðurgreiðslan að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.

Skipulagt íþrótt- og tómstundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

- Meginskilyrði fyrir endurgreiðslu til félaga verður að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi.
- Starfsemin fari fram undir leiðsogn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglings. Börn undir 18 ára aldrí skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Fagaðili/þjálfari getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldrí sér til aðstoðar.
- Hægt er að nota Frístundastyrk til að greiða niður líkamsræktarkort sem gilda í 3 mánuði eða lengur fyrir 16 ára og eldri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda og utanumhald.
- Heimilt er að nýta frístundastyrkinn í tónlistarnám.
- Niðurgreiðslur ná einungis til félaga og viðurkenndra aðila sem eru með skipulagða kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku.
- Sérákvæði vegna íþrótttagreina sem eru árstíðabundnar og með tíðar æfingar í styrtí tíma. Iðkandi sem stundar æfingar hjá viðurkenndu íþróttafélagi sem eru árstíðabundnar t.d. skíði, reiðmennska og golf hefur heimild til að ráðstafa frístundastyrknum á ársgrunni til að greiða niður æfingagjöldin. Þessi heimild gildir einu sinni á hverju ári fyrir allt árið, frístundastyrkurinn verður aldrei hærri en 48.000 kr. á ári. Forráðamönnum þessara aðila ber að framvísa reikningi í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar (sjá síðar í texta viðmið varðandi gerð reiknings) til að fá frístundastyrkinn greiddann.
- Ef þáttökugjald er hærra en sem nemur niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum. Hægt er að skipta frístundastyrk niður og nýta hann í fleiri en eina grein.
- Niðurgreiðsla bæjarins skal ekki nema hærri fjárhæð en ákvörðuðu æfingagjaldi og er allt að 4000 kr. á mánuði.
- Aðili sem sinnir skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi skal gera samning við Hafnarfjarðarbæ að uppfylltum reglum um styrkhæfi. Aðild að niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar á íþrótt- og tómstundiðkun má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld hækki óeðlilega milli ára

**Félag/deild fær greiddar 4.000 kr. fyrir hvern iðkanda sex ára til og með 18 ára á mánuði til lækkunar á þáttökugjaldi og miðað skal við fæðingarár. Árið sem barn verður sex ára getur það byrjað að fá styrk 1. janúar og hættir að fá styrk 31. desember árið sem það verður 18 ára. Ber félagi/deild að lækka þáttökugjald iðkandans sem þessu nemur við greiðslu á æfingagjaldi.**

Framkvæmd niðurgreiðslunnar er þannig að forráðamenn verða að fara inn á vef **Hafnarfjarðarbæjar: Mínar síður eða heimasíðu viðkomandi félags** og staðfesta þáttökuna iðkandans hjá viðkomandi félagi/deild rafrænt. Eingöngu er hægt að staðfesta þáttökuna á Mínum síðum eða hjá viðkomandi félagi. Þegar forráðamaður staðfestir þáttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Hafnarfjarðarbær staðfestingu þar um. Mánaðarlega tekur Hafnarfjarðarbær saman lista með fjölda þáttökustaðfestinga forráðamanna og sendir til félaga/deilda og greiðir félögum/deildum niðurgreiðslustyrki samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi íþróttafélag /deild útfrá heildarlista. Ekki er hægt að innheimta frístundastyrk ef meir en tveir mánuðir eru liðnir frá

námskeiðislokum. **Í kvittun til þátttakenda um námskeiðskostnað skal félag geta um hlut bæjarfélagsins í greiðslu vegna námskeiðsgjaldsins.**

- Skráning er fyrst og fremst í gegnum Norakerfið hjá viðkomandi félögum og Hafnarfjarðarbæ og niðurgreiðsla til foreldra verður rafræn. Félög sem eru ekki með Nora kerfið mega gefa út greiðslukvittanir til foreldra þar sem kvittun uppfyllir viðmið Hafnarfjarðarbæjar. Á reikningi eða greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram
  - Fullt nafn og kennitala iðkanda
  - Heiti íþróttá-, skóla- eða tómstundafélags og hvaða deild eða námskeið barnið er á
  - Upphafs- og lokadagsetning námskeiðs sem greitt er fyrir
  - Heildarkostnaður námskeið
  - Stimpill/og eða undirritun starfsmanns

Greiðslukvittanir sem berast fyrir 15. hvers mánaðar og uppfylla viðmið sem hér eru sett fram verða greiddar um 20. næsta mánaðar.

- Þjónustuverið s. 5855500 veitir frekari upplýsingar og aðstoð varðandi skráningar á Mínum síðum.
- Íþróttá- og tómstundafulltrúi metur hvort einstaka aðilar uppfylla skilyrði reglna og ber tillögur sínar undir íþróttá- og tómstundanefnd leiki vafi á styrkhæfi.

**Samþykkt í Íþróttá- og tómstundanefnd 31. janúar 2018, Fræðsluráði Hafnarfjarðar 7. mars 2018 og uppfært og samþykkt vegna sérákvæðis 11. júlí í Fræðsluráði.**